

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

11. AUKAFUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2024, þriðjudaginn 31. maí kl. 8:30, var haldinn 11. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Eiríkur Valgeir Scott, Anne Berit Vikse, Sigurdís Samúelsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 11. aukafund sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps 2022-2026
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Fundargerð 12. fundar fræðslu-, tómstunda-, menningar- og kynningarnefndar 28.5.2024
Sveitarstjórn samþykkir fundargerð 12. fundar. Sveitarstjórn leggur á það áherslu að unnt verði að bjóða upp á frístund ef áhugi eða þörf er til staðar. Súðavíkurhreppur og Súðavíkurskóli skoði það með foreldrum hvort og með hvaða hætti verði boðið upp á þjónustu skólaárið 2024/2025.
3. Umsagnarmál og erindi til kynningar
 - a. Mál nr. 109/2024 – Hvítbók í málefnum innflytjenda – félags-, og vinnumarkaðsrn.
Lagt fram til kynningar.
 - b. Mál nr. 1036 – 154. löggj.þing 2023-2024 – tillaga til þingsályktunar um ferðamálafestun og aðgerðaáætlun til 2030
Lagt fram til kynningar.
 - c. Erindi frá Raggagarði – tp. dags. 28.5.2024
Erindi frestað til frekari umræðu í sveitarstjórn þar sem ekki liggur fyrir eignarhald eða lóðarmörk með vísan til erindis.
4. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2023 – seinni umræða
Margrét Högnadóttir og Þorvaldur Óli Ragnarsson frá Endurskoðunarskrifstofu Vestfjarða mættu á fundinn og fóru yfir helstu tölur og skýringar á ársreikningi 2023.
*Sveitarstjórn samþykkir ársreikning Súðavíkurhrepps 2023 samhljóða.
Helstu niðurstöðutölur eru eftirfarandi:*

Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 110,4 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 21,1 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 808,0 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta 787,0 milljónum króna. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 434,2 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 405,0 milljónum króna.

Rekstrartekjur A hluta námu 411,6 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 381,4 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 113,3 milljón króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að fjárhæð 11,6 milljónir króna. Starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 11,9 stöðugildum. Í árslok 2023 er skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga 0% í samanteknum ársreikningi. Skv. 64. gr. 2. málsgr. sveitastjórnarlaga á skuldaviðmið ekki að vera hærra en 150%.

5. Staðsetning heitra potta í Súðavík – verkefni Bláma, Súðavíkurhrepps ofl.
Sveitarstjórn leggur til að pottar verði staðsettir við fjöru neðan við Súðavíkurkirkju og leggur til að samið verði við Sei arkitekta að útfæra og ráðleggja við vinnu og frekara val á staðsetningu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:45




Bragi Þór Thoroddsen




Anne Berit Vikse



Sigurdís Samúelsdóttir



Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson
Oddviti Súðavíkurhrepps